

Tillaga v. máls 1604520:

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar skorar á Alþingi að samþykkja samgönguáætlun 2015-2018 og þar með framkvæmdir við mislæg gatnamót á mótum Reykjanesbrautar og Krísuvíkurvegar. Gatnamótin eru gífurlegt öryggismál fyrir íbúa Vallahverfis og alla sem erindi eiga á atvinnusvæðið í Hellna- og Kapelluhrauni. Mikilvægt er að áætlunin sé afgreidd þannig að það sé tryggt að hægt verði að bjóða út framkvæmdir við gatnamótin á þessu ári.

Greinargerð:

Gatnamót Krísuvíkurvegar og Reykjanesbrautar eru barn síns tíma og umferð um þau fyrir löngu komin langt fram yfir það sem þau geta annað. Við bætist svo stigvaxandi umferð á Reykjanesbraut til og frá Keflavík og eru aðstæður í og við gatnamótin oft stórhættulegar. Erfitt getur verið að taka vinstri beygju vegna þéttar umferðar og eru ökumenn oft og tíðum að taka verulega áhættu við að komast inn á Reykjanesbrautina. Verði þetta mál ekki leyst er ekki spurning um hvort þarna verður alvarlegt slys heldur hvenær.

Greið leið til og frá Vallahverfinu og atvinnusvæðinu í Hellna- og Kapelluhrauni er ennfremur mikilvægt öryggismál eins og slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins hefur bent á í bréfi dags. 18. maí 2015.

Íbúar Vallahverfis eru hátt í 5.000. Stór hluti þeirra fer um gatnamótin á ferð til og frá heimili sínu. Framundan er úthlutun lóða á næsta byggingarsvæði Hafnarfjarðar í Skarðshlíð sem staðsett er inn af Vallahverfinu. Í fyrsta áfanga Skarðshlíðar munu búa um 1.200 manns sem líka munu að stærstum hluta fara um gatnamót Krísuvíkurvegar og Reykjanesbrautar.

Á atvinnusvæðinu í Hellna- og Kapelluhrauni sunnan Reykjanesbrautar eru nú 156 fyrirtæki með starfsemi. Sé tekið mið af upplýsingum frá Creditinfo má gera ráð fyrir 10 starfsmönnum að meðaltali hjá hverju fyrirtæki. Þetta gera a.m.k. 1.500 starfsmenn en við þessa tölu bætast svo starfsmenn opinberrar starfsemi á svæðinu, yfir 200 manns. Þá er mikil uppbygging framundan á svæðinu því fjölmargar iðnaðarlóðir bíða úthlutunar og eru þær ætlaðar m.a. iðnaði sem gerir kröfu til mikillar umferðar, bæði stórra og smærri bíla. Þá er fer hlutur þjónustufyrirtækja sem kalla á aukinn umferðarpunga vaxandi og má sem dæmi nefna Icelandair sem er komið með starfsemi á svæðinu við Flugvelli 1 og Hertz bílaleiguna. Tölur frá sex stórum fyrirtækjum á svæðinu sýna að um gatnamótin aka um 93 stórir vörubílar að meðaltali á hverri klukkustund á hefðbundnum vinnutíma þjónustufyrirtækja (217.000 ársgrundvelli).